

REGLUGERÐ**um breytingu á reglugerð nr. 118 9. september 1954,
um sölu og veitingar áfengis.****1. gr.**

8. gr. orðist svo:

Veitingastað skal heimilt að leggja allt að 33.33% á kaupverð hans á áfengi, þegar neytendum er selt vin á hálfum eða heilum flöskum, en þegar sala fer fram í minni skömmtum er veitingastað heimilt að leggja allt að 85.32% á kaupverðið. Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins skal semja verðskrá yfir útsöluverð áfengis á veitingastað, sem gestir eiga aðgang að.

Á verðið eins og það hefur verið ákveðið samkvæmt framansögðu má einungis leggja söluskatt, svo og þjónustugjald, eftir þeim reglum, sem um þessi gjöld gilda.

Áfengisskammtur skal miðaður við 3 cl. Óheimilt skal að nota önnur mælitæki en þau, sem hlotið hafa löggildingu.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt áfengislögum nr. 82 2. júlí 1969, öðlast þegar gildi.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 259 30. desember 1971, um breytingu á reglugerð nr. 118 9. september 1954, um sölu og veitingar áfengis.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 24. marz 1972.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.

2. marz 1972.

Nr. 53.

REGLUGERÐ**fyrir Vatnsveitu Húsavíkur.****1. gr.**

Vatnsveita Húsavíkur er eign Húsavíkurkaupstaðar og er rekin í þeim tilgangi, að fullnægja vatnsþörf heimila og fyrirtækja í kaupstaðnum eftir því sem við verður komið og reglugerð þessi kveður nánar um.

Vatnsveita Húsavíkur er sjálfstætt fyrirtæki í rekstri Húsavíkurkaupstaðar með sérstöku reikningshaldi.

Reikningar Vatnsveitu Húsavíkur skulu jafnan fylgja reikningum bæjarsjóðs Húsavíkur til endurskoðunar og samþykktar.

2. gr.

Bæjarstjórn Húsavíkur hefur æðsta vald í málefnum vatnsveitunnar og í umboði hennar annast bæjarráð daglega umsjón með framkvæmd starfa, er vatnsveituna varða.

Ef bæjarstjórn ákveður að kjósa veitunefnd til að annast málefni vatns-, hita- og rafveitu tekur veitunefnd við því hlutverki, sem bæjarráði er fengið í reglugerð þessari.